

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/48/EB

frá 28. júní 2001

um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/39/EB ⁽²⁾, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2001/39/EB, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/47/EB ⁽⁵⁾, einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hin nýju virku efni asoxýstróbín og kresoxím-metýl, voru skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE með tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 98/47/EB ⁽⁶⁾ og 1999/1/EB ⁽⁷⁾, eingöngu til nota sem sveppaeyðar, en án þess að tilgreind væru sérstök skilyrði sem gætu haft áhrif á uppskeru sem er meðhöndluð með plöntuvarnarefnum sem innihalda þessi virku efni.
- 2) Leyfilegt hámarksmagn leifa í og á öllum vörum, sem fjallað er um í tilskipunum 86/362/EBE og 90/642/EBE, var ákvarðað með tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 1999/71/EB ⁽⁸⁾ og 2000/48/EB ⁽⁹⁾, að því er varðar leifar asoxýstróbíns, og með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/58/EB ⁽¹⁰⁾ að því er varðar leifar kresoxím-metýls.
- 3) Við ákvörðun fyrrnefnds leyfilegs hámarksmagns leifa var viðurkennt að þetta magn skyldi háð stöðugri endurskoðun og því ætti að breyta með tilliti til nýrra upplýsinga og gagna. Í tilskipunum 1999/71/EB, 2000/48/EB og 2000/58/EB er staðfest að aðildarríkjunum beri að ákvarða bráðabirgðagildi fyrir hámarksmagn leifa að því er varðar aðrar kornvörur, ávexti og matjurtir, enda liður í leyfisveitingu þeirra fyrir plöntuvarnarefnum sem innihalda asoxýstróbín eða kresoxím-metýl, og beri að tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt kröfum í f-lið 1. mgr. 4. mgr. í tilskipun 91/414/EBE. Til að greiða fyrir þessu voru gildin í sumum tilvikum ákvörðuð til bráðabirgða í tilskipun 1999/71/EB og 2000/48/EB og í öllum tilvikum í tilskipun 2000/58/EB, sem gerði aðildarríkjunum kleift að veita frekari leyfi til nýrrar notkunar og að tilkynna það framkvæmdastjórninni samkvæmt aðferðinni sem lýst er í fyrrnefndri grein. Þessi grein kveður á um að aðildarríkið, sem veitir leyfi, skuli, þar sem bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa á vettvangi bandalagsins er fyrir hendi og þar sem hin nýja leyfða notkun myndi leiða til hærra gilda, fastsetja innlent bráðabirgðagildi fyrir hámarksmagn leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr í tilskipun 91/414/EBE áður en unnt er að veita leyfið.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 148, 1.6.2001, bls. 70.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtuð. EB L 175, 28.6.2001, bls. 21.

⁽⁶⁾ Stjtuð. EB L 191, 7.7.1998, bls. 50.

⁽⁷⁾ Stjtuð. EB L 21, 28.1.1999, bls. 21.

⁽⁸⁾ Stjtuð. EB L 194, 27.7.1999, bls. 36.

⁽⁹⁾ Stjtuð. EB L 197, 3.8.2000, bls. 26.

⁽¹⁰⁾ Stjtuð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 78.

- 4) Til að tryggja að neytendur séu nægilega verndaðir gegn váhrifum leifa í eða á afurðum sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir var talið skynsamlegt þegar tilskipanir 1999/71/EB, 2000/48/EB og 2000/58/EB voru samþykktar að fastsetja bráðabirgðagildi fyrir hámarksmagn leifa, sem miðast við lægri mörk greiningarákvörðunar, fyrir slíkar vörur. Setning slíkra bráðabirgðagilda fyrir hámarksmagn leifa innan bandalagsins er með fyrirvara um veitingu aðildarríkjanna á bráðabirgðaleyfum til notkunar asoxýstróbíns og/eða kresoxím-metýls fyrir slíkar vörur í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 91/414/EBE.
- 5) Til að unnt sé að leyfa plöntuvarnarefni verða aðildarríkin að beita samræmdu meginreglunum sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, einkum og sér í lagi við mat á málsskjólum sem samræmast kröfum í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og umsækjandi um leyfi leggur fram. Í 8. þætti A-hluta III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eru gerðar kröfur um að umsækjendur leggi fram tilteknar upplýsingar, þar sem fram kemur fyrirhugað hámarksmagn leifa, ásamt fullum rökstuðningi og mati á hugsanlegum og raunverulegum váhrifum vegna neyslu fæðu eða með öðrum hætti. Í lið 2.4.2 í B-hluta og lið 2.5 í C-hluta VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er kveðið á um að aðildarríkin skuli meta þær upplýsingar sem eru lagðar fram um áhrif, sem leifar hafa á heilsu manna og dýra, og áhrif á umhverfið og að þau taki ákvarðanir um leyfi sem tryggja að plöntuvarnarefnin, sem fyrirfinnast, svari til minnsta magns plöntuvarnarefna sem er nauðsynlegt til að halda plágum í skefjum í samræmi við góðar starfsvenjur í landbúnaði og að þeim sé beitt á þann hátt að leifar, sem fyrirfinnast við uppskeru, slátrun og eftir geymslu, eftir því sem við á, séu í lágmarki.
- 6) Nýjar upplýsingar hafa verið lagðar fram varðandi notkun asoxýstróbíns á eggaldin, papriku, hafra, humla, ertur (ferskar og þurrkaðar) og varðandi notkun kresoxím-metýls á spergla, jarðarber og önnur smá aldin og ber. Lagt hefur verið mat á þessi nýju gögn og talið er við hæfi að endurskoða bráðabirgðagildin fyrir hámarksmagn leifa sem ákveðin voru fyrir þessar vörur í tilskipunum 1999/71/EB, 2000/48/EB og 2000/58/EB.
- 7) Þegar asoxýstróbín var fellt inn í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var tæknilegu og vísindalegu mati á asoxýstróbíni lokið 22. apríl 1998 með endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um asoxýstróbín. Í þessari endurmatsskýrslu var viðtekinn dagskammtur (ADI) fyrir asoxýstróbín ákvarðaður 0,1 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Þegar kresoxím-metýl var fellt inn í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var tæknilegu og vísindalegu mati á kresoxím-metýli lokið 16. október 1998 með endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um kresoxím-metýl. Í þessari endurmatsskýrslu var viðtekinn dagskammtur (ADI) fyrir kresoxím-metýl ákvarðaður 0,4 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Ævilöng váhrif á neytendur matvæla, sem hafa verið meðhöndluð með asoxýstróbíni eða kresoxím-metýli, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem er farið eftir innan Evrópubandalagsins, að teknu tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út ⁽¹⁾ og reiknað hefur verið út að hámarksmagn leifa, sem ákvarðað er í þessari tilskipun, gefi ekki tilefni til þess að farið sé yfir þessa viðteknu dagskammta.
- 8) Við matið og þá umfjöllun, sem fór fram áður en kom til skráningar azoxýstróbíns og kresoxím-metýls í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, varð ekki vart bráðra eiturhrifa sem kölluðu á að fastsettur yrði viðmiðunarskammtur bráðrar eitrunar.
- 9) Ráðgast hefur verið við viðskiptaaðila bandalagsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskipta-stofnunarinnar, um það magn sem ákvarðað hefur verið í þessari tilskipun og athugasemdir þeirra teknar til greina. Framkvæmdastjórnin mun kanna hvort unnt sé að setja víkmörk fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa tiltekinna samsetninga varnarefna og plantna, þegar um innflutning er að ræða, á grundvelli fullnægjandi, framlagðra gagna.
- 10) Tekið er tillit til ráðlegginga og tilmæla vísindanefndarinnar um plöntur, einkum varðandi vernd þeirra sem neyta matvæla sem hafa verið meðhöndluð með varnarefnum.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

⁽¹⁾ „Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu“ (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfiseftirlitsins (GEMS/Food Programme), í samráði við Codex-nefndina um varnarefnaleyfar, gefnar út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Bæta skal eftirfarandi færslu um asoxýstróbín við í A-hluta í II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarks magn í mg/kg
„Asoxýstróbín“	0,3 ^(b) Hafrar

^(b) Sýnir bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa sem fastsett voru í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE: lítið skal á öll bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir þessar varnarefnaleifar sem endanleg, í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar, frá 1. ágúst 2003.“

2. gr.

Í stað dálka með yfirskriftinni „asoxýstróbín“ og „kresoxím-metyl“ í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE koma dálkarnir í viðaukanum við þessa tilskipun.

3. gr.

Aðildarríkin skulu, frá og með 1. desember 2001, beita ákvæði 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/42/EB sem er svohljóðandi: „Leyfilegt hámarks magn leifa fyrir aseptat á ferskjum skal ákvarðað við 0,02 (*) mg/kg“.

4. gr.

1. Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
2. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnsýsluákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. febrúar 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
3. Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. mars 2002.
4. Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júní 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Kresoxím-metýl
1. Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frystingu án viðbættis sykurs; hnetur		
i) SÍTRUSÁVEXTIR Greipaldin Sítrónur Súraldin (Límónur) Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar) Appelsínur Pómelónur Annað	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
ii) TRJÁHNETUR (í skurn eða án hennar) Möndlur Parahnetur Kasúhnetur Kastaníuhnetur Kókoshnetur Heslihnetur Goðahnetur (makadamíahnetur) Pekanhnetur Furuhnetur Pistasíuhnetur Valhnetur Annað	0,1 ^(b) (*)	0,1 ^(b) (*)
iii) KJARNAÁVEXTIR Epli Perur Kveði Annað	0,05 ^(b) (*)	0,2 ^(b)
iv) STEINALDIN Apríkósur Kirsiber Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar) Plómur Annað	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
v) BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN		
a) Vínber og þrúgur Vínber Þrúgur	2	1 ^(b)
b) Jarðarber (önnur en villt)	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Kresoxím-metýl
c) Klungurber (önnur en villt)	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
Brómber		
Daggarber (elgsber)		
Logaber		
Hindber		
Annað		
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt)	0,05 ^(b) (*)	
Aðalbláber		
Trönuber		
Rifsber (rauð og hvít) og sólber		1 ^(b)
Stikilsber		1 ^(b)
Annað		0,05 ^(b) (*)
e) Villt ber og ávextir	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
vi) ÝMISS KONAR ALDIN		
Lárperur		
Bananar	2	
Döðlur		
Fíkjur		
Kíví		
Dvergappelsínur		
Litkaber		
Mangó		0,2 ^(b)
Ólífur		
Píslaraldin		
Ananas		
Granatepli		
Annað	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað		
i) RÓTARÁVEXTIR OG HNÝÐI	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
Rauðrófur		
Gulrætur		
Hnúðsilla		
Píparrót		
Ætíffill		
Nípur		
Seljurót		
Hreðkur		
Hafursrót		
Sætuhnúðar		
Gulrófur		
Næpur		
Kínakartöflur		
Annað		

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Kresoxím-metýl
ii) LAUKAR	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
Hvítlaukur		
Laukur		
Skalottlaukur		
Vorlaukur		
Annað		
iii) ALDINGRÆNMETI		
a) Náttskuggaætt		
Tómatar	2 ^(b)	0,5 ^(b)
Paprikur	2 ^(b)	1 ^(b)
Eggaldin	2 ^(b)	0,5 ^(b)
Annað	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
b) Graskersætt — með ætu hýði	1 ^(b)	0,05 ^(b) (*)
Gúrkur		
Smágúrkur		
Dvergbítar		
Annað		
c) Graskersætt — með óætu hýði	0,5 ^(b)	0,2 ^(b)
Melónur		
Grasker		
Vatnsmelónur		
Annað		
d) Sykurmaís	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
iv) KÁL	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
a) Blómstrandi kál		
Spergilkál		
Blómkál		
Annað		
b) Kálhöfuð		
Rósakál		
Höfuðkál		
Annað		
c) Blaðkál		
Kínakál		
Grænkál		
Annað		
d) Hnúðkál		
v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
a) Salat og álfka		
Karsi		
Lambasalat		
Salat		
Vetrarsalat		
Annað		

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Kresoxím-metýl
b) Spínat og álíka Spínat Strandblaðka Annað		
c) Brunnerperla		
d) Jólasalat		
e) Kryddjurtir Kerfill Graslaukur Steinselja Blaðsellerí Annað		
vi) BELGÁVEXTIR (ferskir) Baunir (með fræbelg) Baunir (án fræbelgs) Ertur (með fræbelg) Ertur (án fræbelgs) Annað	0,5 ^(b) 0,2 ^(b) (*) 0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt) Spergill Salatþistill Sellerí Fennika Ætiþistill Blaðlaukur Rabarbari Annað	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
viii) SVEPPIR a) Ræktaðir ætisveppir b) Villtir ætisveppir	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
3. Belgávextir Baunir Linsubaunir Ertur Annað	0,1 ^(b) 0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
4. Olíufræ Hörfræ Jarðhnetur Valmúufræ Sesamfræ Sólblómafræ Repjufræ Sojabaunir Mustarðskorn Baðmullarfræ Annað	0,05 ^(b) (*)	0,1 ^(b) (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)	
	Asoxýstróbín	Kresoxím-metýl
5. Kartöflur Sumarkartöflur Kartöflur af haustuppskeru	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)
6. Te (þurrkuð lauf og stilkir, einnig gerjað, úr laufi <i>Camellia sinensis</i>)	0,1 ^(b) (*)	0,1 ^(b) (*)
7. Humlar (þurrkaðir), þ.m.t. humlaköggjar og óþykkjað duft	20 ^(b)	0,1 ^(b) (*)

(*) Sýnir neðri mörk greiningarákvörðunar.

(^b) Sýnir bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa sem fastsett voru í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE; lítið skal á öll bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir þessar varnarefnaleifar sem endanleg, í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar, frá 1. ágúst 2003, að því er varðar asoxýstróbín, og 19. október 2004 að því er varðar kresoxím-metýl.